

Soffía Auður Birgisdóttir

Inngangur að  
*Ég skapa – þess vegna er ég. Um skrif Þórbergs Þórðarsonar*  
Reykjavík: Opna, 2015, 358 bls.

*Mestu skiptir að bókmenntafræðin myndi nánari tengsl við menningarsögu. Bókmenntirnar eru óaðskiljanlegur hluti menningarinnar, það er ekki hægt að skilja þær utan heildarsamhengis menningarinnar á ákveðnu tímasteiði.*

Mikhail M. Bakhtín<sup>1</sup>

Sá sem tekur sér fyrir hendur að gera rækilega úttekt á skrifum Þórbergs Þórðarsonar kemst fljótlega að raun um hve tröllaukið verkefnið er. Helgast það fyrst og fremst af því hversu fjölbreytileg svið skrif hans spanna. Þórbergur skrifar um sjálfan sig og sín fjölmörgu hugðarefni af ólíkum sviðum tilverunnar. Auk þess að fjalla um sjálfan sig og sjálfsverund á einkar skapandi og nýstárlegan hátt skrifar Þórbergur um annað fólk, um þjóðfélagsmál, um vestræn og austræn trúarbrögð, um spíritisma, guðspeki og jóga, um málvísindi, orðasöfnun og esperantó, um stjórnsmál, hugsjónir og menningu, um mannlíf í íslenskri sveit og þéttbýli, sem og víða um heim, um þjóðtrú og hindurvitni, um íslenskar og erlendar bókmenntir og þannig mætti lengi telja. Þá liggur eftir hann mikið af óbirtu efni sem varðveitt er á handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns. Þar eru dagbækur og minniskompur sem Þórbergur hélt á árunum 1906-1971; einnig eru þar fyrirlestrar, ræður, greinar og ritgerðir um hin fjölbreytilegustu málefni. Enn fremur er þar að finna námsglósur frá háskólaárum Þórbergs, uppskriftir hans af þjóðsögum, sögnum og kvæðum, bréf og uppköst að bréfum, handrit af ýmsum bókum Þórbergs auk smælkis af ýmsu tagi.<sup>2</sup> Þá geymir handritadeild einnig bréfasafn Þórbergs, það er að segja bréf sem aðrir skrifuðu honum, og í þeim er ýmislegt sem gagnast rannsókn á skrifum Þórbergs. Þeim sem reyndi að festa hönd á þessum skrifum öllum fræðilega kynni að fara eins og manni sem hyggst veiða marga ála samtímis með berum höndum; hætt er við að bráðin rynni veiðimanninum sífellt úr greipum. Þórbergur er háll sem áll en slík kvikindi óttaðist hann „meira en mannýg naut“ og um hrökkál dreymdi hann skelfilegan draum, sem frægt varð.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Mikhail M. Bakhtín. 2005. *Orðlist skáldsögunnar*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: 41.

<sup>2</sup> Gögn Þórbergs á handritadeild Landsbókasafns-Háskólabókasafns bera safnnúmerið Lbs 6 NF. Ýmsir hafa rannsakað gögnin og nýtt sér þau í fræði- og bókarskrifum eins og vísað verður til eftir því sem við á.

<sup>3</sup> Þórbergur Þórðarson. 1974. *Bréf til Láru*. Reykjavík: Mál og menning: 70-71. Sjá einnig um ála í 1975. Í *Suðursveit*. Reykjavík: Mál og menning: 118-119.

Í þessari bók er víða borið niður í skrifum Þórbergs Þórðarsonar. Meðal annars er sjónum beint að þeim bókum sem flestir nú á dögum telja til fagurbókmennta þó sú hafi ekki endilega verið raunin þegar þær komu fyrst fyrir augu lesenda. Sérstaklega kanna ég þær bækur sem hafa að geyma sjálfslýsingar Þórbergs – *Bréf til Láru*, *Íslenzkan aðal*, *Ofvitann*, *Sálminn um blómið* og *Í Suðursveit* – en sú „frumlega hreinskilni“ sem þær byggja á sætti talsverðum tíðindum í íslensku bókmennta-samhengi ekki síður en mælskan sem einkennir skrifin. Þau tíðindi urðu lesendum hugsanlega ekki fullljós fyrr en á síðustu tveimur áratugum eða svo en með fjarlægðinni fæst yfirsýn.

Aðall bóka Þórbergs hefur löngum verið talinn stíllinn og ekki síst hæfileiki hans til að beita skopi og íróníu í skrifum sínum. Húmor var Þórbergi mjög mikilvægur enda skrifar hann í þrítugasta og þriðja kafla *Bréfs til Láru*: „Fyrir mér er enginn hlutur svo heilagur, að ég sjái ekki jafnframt eitthvað skoplegt við hann.“ Hann segist finna „návist guðs“ í hinu skoplega, „guð er gleði“, segir hann og fullyrðir jafnframt að sá sem veiti mannkyninu „hlátur, [sé] mestur velgerðarmaður þess.“<sup>4</sup> Þórbergur kom mörgum lesendum sínum til að skella upp úr og ýmsir samferðamenn hans hafa vitnað um hversu skemmtilegur hann var í góðra vina hópi. Meðal annars skemmti Þórbergur vinum sínum með eftirhermum. Ein af þeim myndum sem lengst hefur lifað af Þórbergi er mynd trúðsins og er vert að líta nánar á hana. Í fyrsta kafla þessarar bókar verður rýnt í þekktar goðsögur sem lengi hafa verið á kreiki um Þórberg. Goðsögurnar snúast þó ekki aðeins um trúðshlutverk hans heldur einnig um forystuhlutverk sem ýmsir virtust telja að hann ætti að taka að sér á pólitískum vettvangi. Þá verður einnig hugað að því hvort nýjar goðsögur hafi litið dagsins ljós með nýjum rannsóknum á Þórbergi og endurnýjuðum áhuga á verkum hans.

Sigfús Daðason benti á að sá sem hygðist semja ævisögu Þórbergs þyrfti fyrst „að greina sjálfssöguþættina í ritum hans, raða þeim og rýna, og væri það út af fyrir sig drjúgt ritgerðarefni.“<sup>5</sup> Í slíkri rýni fælist meðal annars að reyna að átta sig á hver hlutur hins skáldaða er í skrifum Þórbergs. Þetta hafa þeir Helgi M. Sigurðsson, Halldór Guðmundsson og Pétur Gunnarsson leitast við að gera í sínum bókum um Þórberg<sup>6</sup> en ég mun ekki leggja sérstaka áherslu á þetta atriði, enda ekki ætlun mín að skrifa ævisögu höfundarins. Í öðrum kafla mun ég hins vegar fjalla um sannleikshugtakið í tengslum við skrif Þórbergs því vafist

<sup>4</sup> Þórbergur Þórðarson. 1974. *Bréf til Láru*: 155-156.

<sup>5</sup> Sigfús Daðason. 1981. „Þórbergur Þórðarson“. *Andvari*, nýr flokkur, 106. ár: 3. Endurbirt 2000 í *Sigfús Daðason. Ritgerðir og pistlar*. Reykjavík: Forlagið.

<sup>6</sup> Helgi M. Sigurðsson. 1992. *Frumleg hreinskilni. Þórbergur Þórðarson og mannlífið á mölinni í upphafi aldar*. Reykjavík: Árbæjarsafn og Hið íslenska bókmenntafélag; Halldór Guðmundsson. 2006. *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*. Reykjavík: JPV útgáfa; Pétur Gunnarsson. 2007. *ÞÞ í fátæktarlandi. Proskasaga Þórbergs Þórðarsonar*. Reykjavík: JPV útgáfa og 2009. *ÞÞ í forheimskunarlandi*. Reykjavík: JPV útgáfa.

hefur fyrir lesendum hvernig meta beri sannleiksgildi skrifa hans. Það tengist að sjálfsögðu þessari aðgreiningu á hinu ævisögulega og hinu skáldaða, landamærum lífs og listar. Orð eins og „sannleikur“ er bæði margrætt og hált og getur spannað ýmis merkingarsvið. Til að glöggva sig á merkingu orðsins er mikilvægt að átta sig á því í hvaða samhengi það er notað hverju sinni. Ég mun sýna fram á hvernig vísað er til mismunandi samhengis og þar af leiðandi mismunandi merkingar þegar talað er um „sannleika“ í skrifum um Þórberg, sem og í hans eigin skrifum.

Ég nota hugtakið *skáldævisaga* sem vísar til blendingsforms sem rúmar bæði skáldskap og frásögn sem byggist á ævi þess sem skrifar. Skáldævisöguhugtakið hefur fest rætur í íslenskri bókmenntaumræðu á undanförunum árum en það var Guðbergur Bergsson sem fyrstur notaði það yfir bernskusögu sína sem kom út í tveimur bindum rétt fyrir síðustu aldamót.<sup>7</sup> Með hugtaki Guðbergs kom fram ágætis þýðing á slíkum sambræðingi sem á ensku hefur til dæmis verið kallað *aesthetic autobiography*, *fictional autobiography* og *autofiction*, en ýmis fleiri hugtök hafa komið fram bæði hérlendis og erlendis, eins og rætt verður síðar. Mörgum rithöfundum er illa við flokkun bóka sinna og taka má undir orð Þórbergs, sem ég hef valið að gera að einkunnarorðum bókarinnar, að bækur eigi ekki að dæma „samkvæmt þeirri reglu, í hvaða flokk bókmennta einhverjir kenningaþrælar setja þær“.<sup>8</sup> En bækur hafa verið dæmdar – og jafnvel úr leik – fyrir að passa ekki inn í hina fyrirframgefna ramma. Ég ræði dæmi um slíka dóma í þriðja kafla þar sem ég kynni jafnframt rök mín fyrir að nota hugtakið *bókmenntagervi* fremur en *bókmenntagrein* fyrir það sem á erlendum málum er kallað *genre*. Í þriðja kafla er *Bréf til Láru* í brennidepli, ég fjalla um viðtökurnar við bókinni og þær deilur sem urðu í kjölfar útgáfu hennar. Ég velti fyrir mér hinu lausbeislaða formi bókarinnar og ræði mögulegar kveikjur og fyrirmyndir að henni, innlendar og erlendar. *Bréf til Láru* er gjarnan skilgreint sem straumhvarfaverk í íslenskri bókmenntasögu og verður skoðað hvað felst í slíkri skilgreiningu. Í þriðja kafla fjalla ég einnig nokkuð um skáldævisöguhugtakið því þar verður hugað að hinni listrænu sköpun sem ég vil kalla frumreglu æviskrifa Þórbergs. Í Bréfinu lýsir Þórbergur einu þekktasta sköpunarverki síns „auðuga ímyndunarafli“ í frásögninni af því þegar hann var sannfærður um að hann væri óléttur“.<sup>9</sup> Ég rýni í frásögnina og sýni fram á hvernig Þórbergur setur þar fram ofanefnda frumreglu um hina listrænu sköpun, af miklum þunga.

<sup>7</sup> Guðbergur Bergsson. 1997. *Faðir og móðir og dulmagn bernskunnar: Skáldævisaga*. Reykjavík: Forlagið og *Eins og steinn sem hafid fágur. Skáldævisaga*. 1998. Reykjavík: Forlagið.

<sup>8</sup> Matthías Johannessen. 1964. „Auga alheimsins – það er ég.“ *Vikan*, 26. ár (13): 33. Endurbirt 1989. *Í kompaní við Þórberg*. Reykjavík: Almenna bókafélagið: 334.

<sup>9</sup> Þórbergur Þórðarson. 1974. *Bréf til Láru*: 87.

Ástæða er til að áréttu að ég skoða skrif Þórbergs fyrst og fremst sem bókmenntatexta og athyglin beinist að fagurfræðilegum eiginleikum þeirra. Ég greini og túlka skrif hans og tengi við íslenskar og erlendar bókmenntir fremur en að túlka þau út frá æviferli hans eins og aðrir hafa gert svo ágætlega áður. Þó verður ekki hjá því komist að tengja skrif Þórbergs við ýmsa atburði og aðstæður úr lífi hans þar sem efniviður skrifanna er nær undantekingalaust hans eigin ævi, hans eigin reynsla færð í búning skáldskapar. Þá tel ég jafn fráleitt að hafna alfarið tengingum við ævi og reynslu höfunda og það er að einblína á slíka þætti og túlka öll skrif tiltekins höfundar út frá lífi hans og aðstæðum. En ég legg áherslu á að það er búningur skáldskaparins, sem einnig má kalla fagurfræði höfundar, sem er meginefniviður bókarinnar. Þá tel ég að mikilvægt sé að huga að menningarsögulegu samhengi þegar fjallað er um bókmenntir og tek undir með Mikhail Bakhtín að bókmenntirnar séu „óaðskiljanlegur hluti menningarinnar“, eins og segir í tilvitnuðum orðum hér í upphafi. Ég leitast því víðast hvar við að tengja skrif Þórbergs við þá menningu sem þau lýsa og túlka.

Í „Prologus“ þeim sem Þórbergur Þórðarson reit að *Eddu* sinni segist hann telja órjúfanlegt samband á milli sjálfs manneskjunnar „og þeirra staða, þar sem hugsaðar hafa verið merkilegar hugsanir“<sup>10</sup> og hann kveðst þess fullviss „að stærstu og merkilegustu atburðir mannlífsins [séu] í raun réttir þeir, sem gerast innan endimarka sálarinnar.“<sup>11</sup> Í rannsókninni rýni ég því í ýmsa staði þar sem Þórbergur hafði viðkomu um dagana og er þá ekki einvörðungu átt við staði í landfræðilegum skilningi heldur ekki síður þá staði sem fólgnir eru innan endimarka sálarinnar sem og innan bókasjalds, enda dvaldi Þórbergur þar löngum. Með öðrum orðum verður kannað hvert rekja megi helstu áhrifaþætti á hugsun Þórbergs Þórðarsonar og skoðað hvernig hann veitir þeim áhrifum – staðfræðilegum, bókmenntalegum, andlegum og líkamlegum – inn í skrif sín. Þeir staðir sem finnast á landakortinu og skiptu mestu máli fyrir skrif Þórbergs eru annars vegar Suðursveitin þar sem hann var borinn og barnfæddur og hins vegar Reykjavík á fyrstu áratugum tuttugustu aldarinnar. Á síðarnefnda staðnum var það ekki síst norrænudeild Háskóla Íslands sem hafði djúpstæð áhrif. Segja má að þetta séu tvær mikilvægustu akademíur höfundarins.

Þegar Þórbergur snýr aftur til Suðursveitar í bernskuminningum sínum, fjórum bókum sem saman nefnast *Í Suðursveit*, gerir hann það með áratuga yfirsýn, reynslu og fagurfræðilega þekkingu í farteskinu sem gerir honum kleift að lyfta heimasveit sinni upp í veldi skáldskapar, þar sem „kosmísk sýn kallast á við jarðbundið og oft barnslegt

<sup>10</sup> Þórbergur Þórðarson. 1975. *Edda Þórbergs Þórðarsonar*: Reykjavík: Mál og menning: 10.

<sup>11</sup> Þórbergur Þórðarson. 1975. *Edda Þórbergs Þórðarsonar*: 10-11.

sjónarhorn“,<sup>12</sup> og lýsa jafnframt hvernig sjálf hans og sjálfsverund þroskast í órofa einingu við umhverfi og náttúru. Í þeirri mynd sem Þórbergur dregur upp af Suðursveitinni í þessum fjögurra binda óði til heimahaganna, sem kallaður hefur verið „hæsta takmark listar hans“<sup>13</sup> og „kóróna æfiverksins“,<sup>14</sup> tekur hann viðspyrnu í hinu „rómantíska æði“ sem hann upplifði þar á bernsku- og unglingsárum sínum (1888-1906) og hefur upp í listrænt veldi skáldskaparorðræðu sem á rætur að rekja til fagurfræði rómantíkur nítjándu aldar. Þetta verður bersýnilegt þegar rýnt er í myndmál hans, ekki síst í náttúrulýsingum þar sem rómantísk minni á borð við fjallgöngur, klettklifur og skautahlaup í rökkri og tunglsljósi eru fyrirferðarmikil. Suðursveitarbækurnar birta einstaka náttúrusýn sem rímar um margt við helstu viðfangsefni og áherslur *vistrýni* (e. *ecocriticism / environmental criticism*) í samtímanum.<sup>15</sup> Í fjórða kafla er fjallað um heimanfylgju Þórbergs og hið listræna endurgjald hans.

Þórbergur stundaði nám við norrænudeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið, frá hausti 1913 fram á vormánuði 1918. Þar nam hann málfræði, sögu, tungumál og bókmenntir af mikilli elju án þess þó að fá ástundunina staðfesta með prófgráðu. Háskólanámið varð honum mikil opinberun og hin íslensku fræði heltóku „hverja taug“ í líkama hans, eins og hann lýsir í „Endurfæðingakróníku“ sinni.<sup>16</sup> Námið hafði ótvíræð áhrif á Þórberg, ekki síst fyrirlestrar Björns M. Ólsens, sem hann horfði á í fjögur ár „eins og hundtík á húsbónða sinn“, líkt og hann komst sjálfur að orði.<sup>17</sup> Þau áhrif varða fagurfræði Þórbergs og frásagnaraðferð. Í fimmta kafla fjalla ég um fyrstu Reykjavíkurár Þórbergs og háskólanámið og hvernig Þórbergur veitir þeim áhrifum sem hann varð fyrir inn í skrif sín. Þar má tala um öfluga frjóvgun hugmynda þegar heimanfylgja Suðursveitar mætir hugmyndum fremstu menntamanna landsins í hinum opna, fróðleiksfúsa og skapandi huga Þórbergs.

Þegar Þórbergur var barn í Suðursveit kynntist hann íslenskri kvæðahefð og hóf að spreyta sig á að yrkja rímur og kvæði. Sá skáldskapur er þó svo til allur glataður enda ortur út í vindinn. En ljóðlistin stóð hjarta Þórbergs nærri og á fyrstu Reykjavíkurárunum iðkaði hann kveðskap, kynnti sér íslenska og erlenda ljóðlist og reyndi sjálfur fyrir sér á því sviði.

<sup>12</sup> Viðar Hreinsson. 2010. „Afturhvarf og opinberun Þórbergs.“ „*að skilja undraljós*.“ *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*. Reykjavík: Bókmennta- og listfræðastofnun Háskóla Íslands: 40.

<sup>13</sup> Sigfús Daðason. 1981. „Þórbergur Þórðarson“: 27.

<sup>14</sup> Pétur Gunnarsson. 2002. „Í Suðursveit.“ *Lesbók Morgunblaðsins*, 5. janúar: 4.

<sup>15</sup> Sjá Viðar Hreinsson. 2010. „Afturhvarf og opinberun Þórbergs.“ „*að skilja undraljós*“: 35-60.

<sup>16</sup> „Endurfæðingakróníkan“ er nokkurs konar æviágrip í léttum dúr sem Þórbergur sendi Stefáni Einarssyni, prófessor í Baltimore árið 1934, þegar sá síðarnefndi vann að bókinni *Þórbergur Þórðarson, fræðimaður – spáamaður – skáld, fimmtugur*.

<sup>17</sup> Stefán Einarsson. 1939. *Þórbergur Þórðarson, fræðimaður – spáamaður – skáld, fimmtugur*. Reykjavík: Bókaútgáfa Heimskringlu: 8.

Einn helsti vettvangur þessa áhugamáls var Ungmennafélag Reykjavíkur þar sem ungir menn hittust og ræddu fjörlega saman um kveðskap. Þórbergur flutti nokkra fyrirlestra um þetta viðfangsefni á fundum UMFR, bæði um skáld sem þegar höfðu öðlast viðurkenningu sem og um tilraunir félaga sinna á þessu sviði.<sup>18</sup> Vel mætti lýsa þessum vettvangi líkt og Sigfús Daðason hefur gert sem nokkurs konar skóla í ritlist<sup>19</sup> því þarna hlutu Þórbergur og fleiri ungir menn sem síðar létu að sér kveða á íslenskum ritvelli þjálfun í skrifum og kvæðagerð. Hér er um að ræða þriðju akademíu höfundarins og verður hún til umræðu í sjötta kafla þar sem fjallað er um ljóðagerð Þórbergs.

Tvö kvæðakver marka upphafið að listrænum ferli Þórbergs á öðrum áratug liðinnar aldar og voru þau síðan endurútgefin ásamt nýjum kvæðum í bókinni *Hvítir hrafnar* árið 1922. Þórbergur stígur því inn á svið íslenskra bókmennta sem ljóðskáld<sup>20</sup> og þótt hann þræti fyrir það síðar virðist sem metnaður hans hafi beinst að ljóðagerð á fyrstu áratugum liðinnar aldar. Á þeim tíma eru miklar sviptingar í ljóðagerð á Íslandi; staða „þjóðskáldanna“ er sterk en nýir straumar berast að utan og skáld af yngri kynslóðum þróa að endurnýja ljóðformið og marka sér bás. Þórbergur var vel að sér í íslenskri ljóðagerð og dáðist mjög að skáldum á borð við Jónas Hallgrímsson, Grím Thomsen, Þorstein Erlingsson og Einar Benediktsson. Fyrstu birtu kvæði Þórbergs eru bersýnilega undir sterkum áhrifum frá hinum tveimur síðarnefndu. En þegar til kastanna kom virðist Þórbergur ekki hafa getað tileinkað sér nýrómantísku stefnuna, hvorki í hinu þrælbundna formi Einars Benediktssonar né hinu léttara formi sem yngri skáld á borð við Stefán frá Hvítadal og Davíð Stefánsson hófu til vegs og virðingar. Helsta framlag Þórbergs á þessum tíma verður hins vegar paródía á samtímaljóðlistina. Það sama gerist um miðja tuttugustu öld þegar formbylting verður í íslenskri ljóðagerð kennd við atómskálðskap, að Þórbergur bregst við með paródíu, jafnvel þótt hann hafi á þeim tíma svo til alfarið lagt ljóðagerð á hilluna. Ljóðagerð Þórbergs er að því leyti áhugaverð að hún boðar það sem koma skyldi í skáldævisögum hans. Hafa má í huga að á sama tíma og Þórbergur yrkir hin paródísku kvæði sín skrifar hann mikið í hin handskrifuðu blöð UMFR, *Skinfaxes* og *Braga* og beitir þar paródíu í lausu máli í „palladómum“ um vini sína og kunningja. Þau skrif birtust þó fyrst á prenti árið 1976 í bókinni *Ólíkum persónum. Fyrstu ritverk í óbundnu máli 1912-1916*. Ekki má heldur gleyma

<sup>18</sup> Það má sjá af fundargerðabókum UMFR sem og af *Skinfaxes*, handskrifuðu tímariti félagsins og *Braga*, handskrifuðu blaði málfundaflokks félagsins. Sjá *Lbs*. Lbs 485 fol. a og fol. b. *Gjörðabók Ungmennafélags Reykjavíkur*; Lsb 2759 4to. *Skinfaxes*, I. bindi; Lsb 3927 4to. *Skinfaxes*, II. bindi; Lbs 2760 4to. *Skinfaxes*, III. bindi og Lbs 2761. *Bragi*. Sjá einnig Sigfús Daðason. 1976. „Formáli útgefanda“ að *Ólíkum persónum. Fyrstu ritverk í óbundnu máli 1912-1916*. Reykjavík: Ljóðhús.

<sup>19</sup> Sjá Sigfús Daðason. 1976. „Formáli útgefanda.“ *Ólíkum persónum*: 14.

<sup>20</sup> Þess má geta að á þessum tíma koma einnig út þýðingar eftir Þórberg á sögum eftir Edgar Allan Poe: 1915. *Kynlegar ástríður. Tvær sögur*. Reykjavík: Nýja sögufélagið og „Langa kistan“ („The Oblong Box“) sem birtist daglega sem framhaldssaga í blaðinu *Höfuðstaðnum* frá 3.-6. janúar 1917. Hún var síðan endurbirt 1976 í *Ólíkum persónum*.

að ekki er allt sem eftir Þórberg liggur á sviði ljóðlistar „kerskni og grín“<sup>21</sup> og í sjötta kafla er rýnt nánar í þennan þátt skrifa hans.

Eins og minnst var á eru það ekki síst sjálfslýsingar Þórbergs sem sæta tíðindum þegar skrif hans eru tengd við sögu íslenskra bókmennta. Margir hafa bent á að í bókum hans komi fram á sjónarsviðið fyrsti „nútímamaður“ íslenskra bókmennta<sup>22</sup> og taka má undir orð Guðmundar Andra Thorssonar sem segir að í því felist mesti umbyltingarkraftur verka hans. Guðmundur Andri bendir á að róttækni Þórbergs felist fyrst og fremst „í alveg nýjum sjálfsskilningi, nýrri sýn á Listamanninn: ný týpa var mætt á svæðið.“<sup>23</sup> Í sjöunda kafla ræði ég sjálfslýsingar Þórbergs út frá ýmsum sjónarhornum og sýni hversu fjölbreyttar þær eru. Í því sambandi mætti jafnvel nota orðið *flakk* því sögupersónan Þórbergur flakkar á milli sjálfsmýnda – eða sviðsetur sig á mismunandi hátt – ekki síður en höfundurinn Þórbergur Þórðarson flakkaði í bókstaflegum skilningi um Ísland og víða erlendis. Sjálfsmýndaflakk Þórbergs tengi ég meðal annars við hugmyndir ítalska heimspekingsins Rosi Braidotti um *flökkusjálfi* (e. *nomadic subjects*) og fagurfræði flakksins sem byggir á höfnun á tvíhyggju Descartes og kenningum um *flakkandi hugsun* (e. *nomadic thinking*) sem hún telur ná að fanga og lýsa formgerð nútímahugsunar.<sup>24</sup>

Einnig skoða ég hinar ólíku sviðsetningar Þórbergs á sjálfum sér í skrifum sínum í ljósi nýlegra kenninga um sjálfsæviskrif. Ýmsir fræðimenn á þessu sviði hallast að því að réttara sé að tala um safn sjálfsmýnda (eða sjálfsmýndaskrá)<sup>25</sup> en sjálfsmýnd í texta. Þeir sem fást við sjálfsæviskrif skapa sjálfsmýndir sínar í samspili við þær sögur og það samhengi sem um er að ræða í hvert sinn. Bækur Þórbergs hafa að geyma safn sjálfsmýnda og má í því sambandi minnst orða hans sjálfs: „Allar bækur eru einskonar fjölmyndir, pólifótó, sem höfundurinn hefur fest á pappír af sínum innra manni. Við sjáum hann þar frá ýmsum hliðum og í ýmiss konar stellingum.“<sup>26</sup> Ég leitast við að draga fram ýmsar ólíkar myndir úr

<sup>21</sup> Helgi M. Sigurðsson. 1986. „Formáli“ að Þórbergur Þórðarson. *Ljóri sálar minnar. Úr dagbókum, bréfum og öðrum óprentuðum ritsmíðum frá árunum 1909-1917*. Reykjavík: Mál og menning: 9.

<sup>22</sup> Sjá t.d. Helena Kadečková. 1971. „Upphaf íslenskra nútímabókmennta.“ *Tímarit Máls og menningar*, 32. ár (2); Halldór Guðmundsson. 1987. „Loksins loksins.“ *Vefarinn mikli og upphaf íslenskra nútímabókmennta*. Reykjavík: Mál og menning; Þorleifur Hauksson. 2003. *Sagnalist. Íslensk stílfraeði II – Skáldsögur 1850-1970*. Reykjavík: Mál og menning og Árni Sigurjónsson. 2006. „Sagnagerð á þriðja áratug aldarinnar.“ *Íslensk bókmenntasaga*, IV. bindi. Reykjavík: Mál og menning.

<sup>23</sup> Guðmundur Andri Thorsson. 1997. „Þórbergur Þórðarson, ekki neitt.“ *Fjölur*, 1. ár (1): 47. Endurbirt 1998 í *Ég vildi að ég kynni að dansa*. Reykjavík: Mál og menning. Sjá einnig Halldór Guðmundsson. 1987: „Loksins, loksins.“

<sup>24</sup> Rosi Braidotti. 1994. *Nomadic Subjects. Embodiment and Sexual Difference in Contemporary Feminist Theory*. New York: Columbia University Press og 2011. *Nomadic Theory. The Portable Rosi Braidotti*. New York: Columbia University Press.

<sup>25</sup> Hér vísa ég til hugtaksins „Registers of Self“, sjá John Paul Eakin. 1999. *How Our Lives Become Stories: Making Selves*. Ithaca & London: Cornell University Press: 1-42. Sjá einnig Soffía Auður Birgisdóttir. 2010. „Sálmurinn um gamla manninn. Sjálfsmýndir Þórbergs Þórðarsonar í *Sálminum um blómið*.“ „*að skilja undraljós*“: 223-233.

<sup>26</sup> Þórbergur Þórðarson. 1977. „Einum kennt - öðrum bent.“ *Ýmislegar ritgerðir*, II. bindi. Reykjavík: Mál og menning: 76-77.

fjölmyndasafni Þórbergs og meðal annars þá sem er einna eftirtektarverðust þegar haft er í huga inn í hvers konar bókmenntahefð hann skrifar; það er sú nýstárlega mynd af karlmanni sem blasir við í skrifum Þórbergs. Hægt er að tala um afbyggingu karlmennskuímyndar í því sambandi.

Þórberg dreymdi um skeið að hasla sér völl í fræðimennsku og þá sérstaklega á sviði málvísinda og þjóðfræða. Af þessu varð þó ekki en þegar bækur Þórbergs eru ítarlega lesnar kallast eigi að síður fram mynd sem vel má nefna mynd af fræðimanni. Hér er þó hvorki um að ræða mynd málvísindamanns né þjóðfræðings heldur æviskrifafræðings. Víða setur Þórbergur fram skoðanir, ályktanir og jafnvel kenningar sem varða einmitt svið æviskrifa sem hann iðkaði í nær öllum sínum skrifum. Þetta kemur gleggst fram í ýmsum greinum og ritgerðum sem Þórbergur skrifaði en einnig í skrifum hans um sjálfan sig og aðra. Í áttunda kafla er fjallað um Þórberg Þórðarson sem „æviskrifafræðing“. Rýnt er í þær greinar Þórbergs sem helst tengjast þessu fræðasviði og skrifaðar voru sem ritdómar um tilteknar bækur, þótt Þórbergur ítreki að þeim sé ætlað að verða fleirum en höfundum bókanna til íhugunar og leiðsagnar. Varpað verður ljósi á þær skoðanir sem Þórbergur setur fram í þessum greinum og hvernig þær endurspeglast í hans eigin æviskrifum – eða ekki. Í sama kafla verður fjallað sérstaklega um *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar* enda skrifar Þórbergur hina „auknu“ ritdóma sína á sama tíma og hann er að leggja drög að ævisögu Árna og aðferðafræði æviskrifa honum því sérlega hugleikin.

Þó víða sé auðvelt að rekja bein áhrif á skrif Þórbergs getur einnig verið áhugavert að skoða ýmiss konar tengsl á milli skrifa hans og annarra höfunda, ekki síst erlendra höfunda, þótt ekki þurfi að vera um bein áhrif að ræða. Oft sýna slík textatengsl hvernig hugmyndir spretta upp af tíðaranda og ferðast á milli landa án þess að hægt sé að benda með afgerandi hætti á hvernig það gerist. Þá getur samanburður á bókmenntatextum frá mismunandi tímum og mismunandi stöðum opnað nýja sýn og þegar best lætur aukið skilning á skrifum sem hafa staðnað í viðtekinni túlkun og einsleitum skilningi. Slík tengsl á milli skrifa Þórbergs og erlendra höfunda eru einnig til umræðu í nokkrum kaflanna sem hér fara á eftir. Segja má að þar sé beitt aðferðum samanburðarbókmenntafræða þar sem bein og óbein, listræn og hugmyndaleg tengsl eru skoðuð, hvorttveggja út frá hugtakinu *áhrif* (e. *influence*) og hugtakinu *textatengsl* (e. *intertextuality*). Textatengslahugtakið ruddi sér til rúms innan bókmenntafræða á áttunda áratugnum og vildu margir fræðimenn í kjölfarið kasta fyrir róða áhrifahugtakinu þar sem það bæri með sér lík í lestinni: leitina að hinum „upprunalega“ texta



og höfundarætlun.<sup>27</sup> Breski bókmenntafræðingurinn Mary Orr telur að ýmsum eldri greiningarhugtökum (svo sem áhrif, eftirlíking og vísun) hafi með tilkomu hins nýja hugtaks verið ýtt undir yfirborðið þar sem þau hafa síðan „lifað í skuggalandi“.<sup>28</sup> Ástæðulaust er að hafna alfarið eldri fræðihugtökum þó ný komi fram á sjónarsviðið, enda býr hvert þessara hugtaka yfir sértæku merkingarsviði þó þau kunni að skarast við merkingarsvið hinna að hluta.<sup>29</sup> Þegar skrif Þórbergs eru rannsökuð blandast engum hugur um að greina megi það sem ekki verði með góðu móti komist hjá að kalla annað en *áhrif* frá nokkrum mikilvægum erlendum bókmenntaverkum en annars staðar liggur beint við beita *textatengslahugtakinu* við greiningu á skrifum hans. Ég mun nota bæði þessi hugtök eftir því sem við á.

Í lokakaflanum verður fjallað um framvindu skáldævisögunnar í íslenski bókmenntasögu og tengsl samtímabókmennta við skrif Þórbergs Þórðarsonar, sem eru meiri en margan grunar. Ljóst má vera að bækur Þórbergs hafa endurheimt athygli íslenskra lesanda á allra síðustu árum eftir að hafa legið mikið til ólesnar um áratuga skeið nema kannski hjá „óskráðum meðlimum Þórbergsvinafélagsins“ sem í skáldsögu rithöfundarins Stefáns Mána er sagt vera „svona einskonar öryrkjabandalag innan Rithöfundasambands Íslands“.<sup>30</sup> Margir samverkandi þættir hafa stuðlað að þessari „endurreisn“ Þórbergs í íslensku bókmenntalífi og ber þar fyrst að nefna stofnun Þórbergsseturs á Hala í Suðursveit árið 2003 og opnun þess í júlí 2006. Þá hafa á síðastliðnum áratug komið út þrjár athyglisverðar bækur um ævi og verk Þórbergs, *Skáldalíf. Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri* (2006) eftir Halldór Guðmundsson og *ÞÞ í fátæktarlandi* (2007) og *ÞÞ í forheimskunarlandi* (2009) eftir Pétur Gunnarsson og hafa þær vakið upp endurnýjaðan áhuga á skrifum Þórbergs.

Til skamms tíma skorti ítarlegar greiningar á bókum Þórbergs og lengi vel var lítið hugað að fagurfræði skrifa hans. Nokkur breyting hefur orðið á þessu á síðustu árum samfara vaxandi áhuga á skrifum Þórbergs. Ástráður Eysteinnsson hefur skrifað athyglisverðar greinar um nokkrar af bókum Þórbergs. Fyrir aldarfjórðungi velti hann fyrir sér andófi Þórbergs gegn hefðbundnu flokkunarkerfi bókmennta í *Bréfi til Láru* og fleiri bókum<sup>31</sup> og í nýlegri grein um *Ævisögu Árna prófests Þórarinssonar* ræðir hann hvernig Þórbergur lætur reyna á

<sup>27</sup> Mary Orr. 2003. *Intertextuality*: sérstaklega 2. kafli. Einnig W. K. Wimsatt Jr. og Monroe C. Beardsley. 1954. *The Verbal Icon*. Kentucky: University of Kentucky Press.

<sup>28</sup> Mary Orr. 2003. *Intertextuality*: 14.

<sup>29</sup> Mary Orr. 2003. *Intertextuality*. Orr ræðir mismunandi hugtök sem eru skyld textatengslahugtakinu í sérköflum í bók sinni. Sjá einnig Soffía Auður Birgisdóttir. 1999. „Textatengsl, tvítýngi og tvíburatextar.“ *Jón á Bægisá*, 4. ár (1): 15-20.

<sup>30</sup> Stefán Máni. 2005. *Túristi*. Reykjavík: Mál og menning: 139.

<sup>31</sup> Ástráður Eysteinnsson. 1999. „Baráttan gegn veruleikanum. Af Þórbergi Þórðarsyni og bókmenntasmágreinum.“ *Umbrot. Bókmenntir og nútími*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. Frumbirt 1989 í *Skírnir*, 163. ár (haust): 293-314. Ég mun vísa í endurbirtingu greinarinnar þar sem textinn er að nokkru leyti frábrugðinn frumbirtingunni.

mörk ævisagnaformsins.<sup>32</sup> Benedikt Hjartarson hefur skoðað ljóðagerð Þórbergs og tengsl við framúrstefnu<sup>33</sup> og einnig fjallað sérstaklega um möguleg tengsl á milli esperantisma Þórbergs og þekkingar hans á evrópskri framúrstefnu.<sup>34</sup> Í fjórða bindi *Íslenskrar bókmenntasögu* sem kom út árið 2006 skrifa Árni Sigurjónsson, Jón Yngvi Jóhannsson og Dagný Kristjánsdóttir um ólíka þætti í höfundarverki Þórbergs. Árni fjallar um hlut Þórbergs í umbyltingu lausamálsbókmennta á þriðja áratugnum.<sup>35</sup> Jón Yngvi fjallar um Þórberg sem hvorttveggja pólitískan og bókmenntalegan andófsmann og ræðir sérstaklega þá skáldlegu sjálfsmótun sem einkennir skrif hans.<sup>36</sup> Dagný skrifar um síðustu verk Þórbergs, *Ævisögu Árna prófasts Þórarinssonar, Sálminn um blómið og Í Sudursveit*, og færir rök fyrir því að Þórberg megi ekki síður skilgreina sem sveitasöguhöfund en borgarhöfund.<sup>37</sup> Vikið verður nánar að öllum þessum skrifum síðar.

Í tilefni af aldarafmæli Þórbergs hélt Félag áhugamanna um bókmenntir ráðstefnu honum til heiðurs og voru erindin sem þar voru flutt birt í þriðja hefti *Tímarits Máls og menningar* 1989. Á 120 ára afmæli Þórbergs var haldin ráðstefna um verk hans og hugðarefni í Háskóla Íslands og í kjölfarið kom út greinasafnið „*að skilja undraljós*“.<sup>38</sup> Teljast má táknrænt fyrir aukinn áhuga akademíunnar á skrifum Þórbergs að fyrri ráðstefnan var haldin á vegum áhugamannafélags en sú síðari af Háskóla Íslands. Þann aukna áhuga má einnig merkja á liðnum áratug í fjölgun lokaritgerða við háskólann sem fjalla um skrif Þórbergs. Að lokum má geta þess að á undanförunum árum hafa nýjar þýðingar á verkum Þórbergs litið dagsins ljós, á ensku og þýsku, auk þess sem ýmsar bækur hans hafa verið endurútgefnar í kiljum og eitt áður óútgefið handrit, *Meistarar og lærisveinar*, komið út á bók. Allt ber þetta vitni um kraftmikið endurmat og aukinn áhuga á Þórbergi og skrifum hans.

Tilgáta mín er að með skrifum sínum hafi Þórbergur kynnt til sögunnar nýja tegund bókmennta á Íslandi, bókmenntagervi sem sterk rök eru fyrir að kenna við *skáldævisögu*, og þannig haft mikil áhrif á íslenskar bókmenntir, ekki síst frásagnarbókmenntir síðastliðinna

<sup>32</sup> Ástráður Eysteinnsson. 2010. „Landnám Árna Þórarinssonar á Snæfellsnesi.“ „*að skilja undraljós*“: 189-207.

<sup>33</sup> Benedikt Hjartarson. 2005. „,prrr – prrr – prrr – prrr – Reykjavík!“ Þórbergur Þórðarson og þúki fútúrismans.“ *Heimur ljóðsins*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands: 50-6 og 2006. „Af úrkynjun, brautryðjendum, vanskapnaði, vitum og sjáendum. Um upphaf framúrstefnu á Íslandi.“ *Ritið*, 6. ár (1): 79-119.

<sup>34</sup> Benedikt Hjartarson. 2010. „Þjóðlausar tungur. Tilraun um Þórberg, evrópska framúrstefnu og esperantisma.“ „*að skilja undraljós*“: 109-133.

<sup>35</sup> Árni Sigurjónsson. 2006. „Sagnagerð á þriðja áratug aldarinnar.“ *Íslensk bókmenntasaga*, IV. bindi: 19-125, sérstaklega um Þórberg: 78-83.

<sup>36</sup> Jón Yngvi Jóhannsson. 2006. „Þórbergur Þórðarson: bókmenntalegur andófsmaður.“ *Íslensk bókmenntasaga*, IV. bindi: 240-249.

<sup>37</sup> Dagný Kristjánsdóttir. 2006. „Á skökkum stað.“ *Íslensk bókmenntasaga*, IV. bindi: 586-602.

<sup>38</sup> Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Hjalti Snær Ægisson (ritstj.). 2010. „*að skilja undraljós*.“ *Greinar um Þórberg Þórðarson, verk hans og hugðarefni*.

tuttugu ára. Samtímamenn Þórbergs áttu oft í erfiðleikum með að skilgreina og flokka bækur hans og var það helst þessi samsláttur ævisögu og skáldskapar, hvernig hann leikur sér á landamærum lífs og listar, sem vafðist fyrir þeim sem um bækurnar fjölluðu. Það er hins vegar engu líkara en að í upphafi tuttugustu og fyrstu aldarinnar sé uppskerutíð úr akri Þórbergs. Þetta bókmenntagervi sem Þórbergur innleiddi í íslenskar bókmenntir blómstrar í skrifum jafnt yngri sem eldri höfunda um leið og hugtakið sjálft hefur fest rætur í íslenskri bókmenntaumræðu.

Svo er að sjá sem lesendur á tuttugustu og fyrstu öld mæti skrifum Þórbergs með opnari huga en samtímamenn hans gerðu og íslenskir rithöfundar fylgja fordæmi hans nú sem aldrei fyrr. Aðalástæða þess kann að vera að samferðamenn Þórbergs áttu erfitt með að skilja á milli höfundar textans og textans sjálfs; þeir höfðu ákveðnar hugmyndir um manninn Þórberg Þórðarson og fastmótaðar væntingar til hans sem lituðu viðtökur bókanna og viðbrögð við skrifum hans. Þá hygg ég að sjálfur straumur tímans sé einnig mikilvægur í þessu sambandi: Tími Þórbergs er runninn upp. Þegar bækur hans voru að koma út var ekki til hugtak fyrir það blendingsform ævisögu og skáldskapar sem hann reiddi fram. Sjálfur var hann ekki í vafa um að hans „sérstaka ritform“ væri „sennilega mesta nýjung í bókmenntum vorum síðan Bjarni Thorarensen og Jónas Hallgrímsson innleiddu rómantísku stefnuna“.<sup>39</sup> Í bréfi sem Þórbergur skrifar árið 1940 kemur fram að hann metur sjálfur einna mest þann þátt skrifa sinna sem hann kallar ævisögu sína og lífssögu samtíðar sinnar „í eins konar rómanformi“.<sup>40</sup> Þar er hann að vísa til *Íslenzks aðals*, sem kom út 1938, og fyrra bindis *Ofvitans*, sem var væntanlegt með haustinu, og fleiri bækur átti hann eftir að senda frá sér sem heyra undir skilgreiningu hans á ævisögu sinni og lífssögu samtíðar hans.

Að lokum má geta þess að þetta bókmenntagervi sem Þórbergur Þórðarson innleiddi á Íslandi, skáldævisagan, er sú tegund bókmennta sem einna hæst ber í samtímabókmenntum, jafnt hérlendis sem og á hinum Norðurlöndunum, í Evrópu og víðar.<sup>41</sup> Í því ljósi verður svar sem Þórbergur gaf pilti nokkrum sem tók við hann viðtal fyrir skólablað Menntaskólans í Reykjavík árið 1968 mjög athyglisvert – og vekur raunar óhjákvæmilega spurninguna sem tekist er á við í lokaorðum bókarinnar, hvort Þórbergur sé „póstmoderni“. Pilturinn spyr í formi fullyrðingar: „Þú hefur aldrei skrifað skáldsögu?“ Undirtektir Þórbergs eru dræmar og

<sup>39</sup> Þórbergur Þórðarson. 2010. *Meistarar og lærisveinar*. Reykjavík: 100-101.

<sup>40</sup> Þórbergur Þórðarson. 1971. „Opíð bréf til fjárveitinganefndar.“ *Einum kennt – öðrum bent. Tuttugu ritgerðir og bréf 1925-1970*. Reykjavík: Mál og menning: 145-159.

<sup>41</sup> Nefna má að árið 2013 var stofnað fyrsta alþjóðlega fræðitímaritið sem vísar til skáldævisöguhugtaksins. Vef: *af: Auto/Fiction.in*.

svar hans endar á annarri fullyrðingu: „Ég er ekki móðerni. Ég er eins og menn verða eftir næstu aldamót.“<sup>42</sup>

---

<sup>42</sup> Davíð Oddsson. 1968. „Áskorun til Norðurlandaráðs.“ *Skinfaxi*, skólablað Menntaskólans í Reykjavík, 28. ár: 12-13. Þórbergur vísar í raun spurningunni á bug, hann nennir ekki að ræða hana.